

130. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði samþykktar þessarar eða vanrækir að hlýðnast í tæka tíð fyrir mælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum allt að 5000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum, og rennur sektarféð í bæjarsjóð.

131. gr.

Með mál, er rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

132. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðissamþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, sem bæjarstjórn kaupstaðarins hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. janúar 1966.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um bætur samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1965, um atvinnuleysistryggingar.

Bætur samkvæmt lögnum skulu vera sem hér segir:

Lágmark bóta á dag:

Fyrir einhleypan mann kr. 42.30, fyrir kvæntan mann kr. 53.75 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 11.45.

Hámark bóta á dag:

Fyrir einhleypan mann kr. 93.75, fyrir kvæntan mann kr. 107.50 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 14.25.

Ákvæði þessi um bætur, eru sett samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, sbr. lög nr. 4 20. janúar 1959, um breyting á framan greindum lögum og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 5 21. janúar 1965, um hækkun bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjalmar Vilhjálmsson.